


# HEIÐARSKÓLI

fréttabréf

SpKef  
Sparisjóðurinn í Keflavík




## Hugmynd Aðalsteins hlutskörpust

Aðalsteinn Axelsson nemandi í 5. SE varð hlutskarpastur í samkeppninni um merki Heiðarskóla sem haldin var fyrir skömmu. Dómnefnd var einhuga í afstöðu sinni þó svo að mörg merki væru verðug, en á annað hundrað tillögur bárust. Í verðlaun fékk Aðalsteinn hinn nýja Harry Potter tölvuleik, sem er vinsælasti leikurinn í dag.

Aðspurður sagðist Aðalsteinn ákaflega ánægður með að hafa unnið í þessari samkeppni. Hann hefði lagt sig fram og fengið margar hugmyndir. Hann hefði sent inn tillögu en þegar skilafresti hefði verið framlengt í keppninni hefði hann betrubætt tillögu sína og það hafi verið sú tillaga sem vann til verðlauna.

Merki Aðalsteins verður nú sent til grafíks hönnuðar sem kemur til með að útfæra merkið m.a. á bréfsfni og umslög sem skólinn sendir frá sér.



Aðalsteinn tekur við verðlaununum úr hendi Gunnars Þórs Jónssonar skólalstjóra.



*Starfsfólk Heiðarskóla óskar nemendum,  
foreldrum og öðrum aðstandendum  
gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári,  
með þökk fyrir ánægjulegt samstarf  
á árinu sem er að líða*



## Furðufatadagur hjá fimmtu bekkingum


5. bekkingar héldu svokallaðan furðufatadag 20. nóv. s.l. svona til að gera eitthvað þínulítið öðruvísi og brjóta upp hversdagsleikann.

Hugmyndaauðgi barnanna voru engin takmörk sett og mættu m.a. jólahreindýr,


þyrlukarl, Lína langsokkur, sundkappi, barn, norn, „nörd,“ hippi, karate-stelpa, töffarar, fótboltamaður, praktari, amma, gamall maður, jólapakki, arabi, rappari og svo mætti lengi telja.

Bæði nemendur og kennarar „slettu úr

klaufunum“ fyrstu tvo tíma dagsins og m.a. var „marserað“ um ganga skólans í einni halarófu og síðan var dansað á palli efri hæðar rauða hússins. Þetta var góð tilbreyting og öllum til ánægju.




Þátttakendur Heiðarskóla sem unnu keppnina.



Hermann tekur á í forkeppninni.




Áhorfendur skemmtu sér vel.



Helga Heiðdís á fullu.



Linda Björk klifraði eins og köttur.



Keppendur ásamt Magnúsi Ver kraftajötni.

## Heiðarskóli sigursæll í Fitnes-keppninni

Heiðarskóli sigraði með miklum yfirburðum í fyrstu opinberu fitnes-keppninni sem haldin var á milli grunnskólanna hér í Reykjanesbæ.

Keppni þessi var haldin í Íþróttahúsinu við Sunnubraut og var ákaflega skemmtileg og spennandi og fjölmennu nemendur og kennarar til að

styðja sitt fólk. Áður hafði farið fram forkeppni í hverjum skóla fyrir sig þar sem efstu menn tryggðu sér þátttöku í sjálfri úrslitakeppninni.

Úrslit urðu sem hér segir: Garðar Eðvaldsson í 8. MK sigraði örugglega í drengjaflokki og Davíð Þór Sveinsson í 8. MK varð í þriðja sæti. Í öðru

sæti varð Sæmundur Guðmundsson í 10. bekk í Holtaskóla. Í stúlknafllokki sigraði Helga Heiðdís Sölvadóttir í 8. MK en í 2. sæti varð Linda Björk Ólafsdóttir í 9. ÍH. Í þriðja sæti varð Íris Ósk Arnarsdóttir í 9. bekk í Holtaskóla.

Heiðarskóli sigraði því liða-keppnina með miklum yfir-

burðum, enda komust allir keppendur skólans á verðlaunapall og voru skólanum til sóma. Keppnin heppnaðist vel og höfðu allir gaman að. Hugmyndin er að þetta verði árvið atburður og einnig byrjun á frekari keppnum og leikjum milli skólanna.

# Námskeið í sjálfstyrkingu

Fyrir skömmu hélt Kolbrún Aðalsteinsdóttir námskeið fyrir 8. bekkina í Heiðarskóla.

Námskeið þetta fól í sér að efla sjálfsmynd og framkomu nem-

enda. Kolbrún rekur og á K. Casablancas sem er skóli, sem stendur fyrir sjálfstyrkingar-námskeiðum. Hjá nemendum mæltist þessi nýbreytni vel fyrir.



Nemendur voru ánægðir með sjálfstyrkingarnámskeið Kolbrúnar.



6. bekkingar flytja frumsamda rappulu.

## Dagur íslenskrar tungu tókst vel

Dags íslenskrar tungu var minnst með ýmsum skemmtilegum uppákomum í Heiðarskóla. Þema dagsins var verk skáldkvenna.

Þeirra á meðal voru; Unnur Benediktsdóttir Bjarklind, Theodora Thoroddsen, Guðrún Jóhannsdóttir frá Brautarholti, Guðrún Auðunsdóttir, Vilborg Dagbjartsdóttir Ólöf Sigurðardóttir frá Hlöðum, Herdís Egilsdóttir, Rannveig Guðna-dóttir, Margrét Jónsdóttir og

Ólína Andrésdóttir. Þá var sungið eitt kvæði, eftir Þórarín Eldjárn en einnig fluttu 6. bekkingar frumsamda rappulu svo eitthvað sé nefnt. Þá hófst Stóra upplestrarkeppnin sem nemendur í 7. bekk taka þátt í en þessari keppni lýkur ekki fyrr en í mars 2002.



Mjög mikil þátttaka var á fönðurdegi Foreldrafélagsins.

## Húsfyllir á jólaföndurdegi

1. desember stóð foreldrafélag Heiðarskóla fyrir jólaföndurdegi fyrir nemendum og aðstandendum þeirra.

Húsfyllir var og undi fólk sér vel við fönðurgerð.

Nemendur úr 10. bekk sáu um allar veitingar og buðu upp á heitt súkkulaði og rjómaöflur. Birtum við hér nokkrar myndir sem teknar voru við þetta tækifæri.



Það var greinilegt að bæði foreldrar og börn þeirra nutu sín vel.



Jafnt ömmur sem mömmur hafa tekið þátt í verkefnum með börnunum.

## Opið í textílmennt

Mömmur, pabbar, afar og ömmur eru hjartanlega velkomin í textílmennt í vetur með börnunum sínum. Hafa þó nokkrar mæður og ömmur heimsótt börnin hjá Höllu og Sveindísi handmenntakennurum.

Þessi nýbreytni hefur mælst vel fyrir meðal aðstandenda sem kíkt hafa í heimsókn og jafnvel leyft sér að aðstoða börnin.

Höllu og Sveindísi hefur þótt þetta alveg frábært og vona að aðstandendur verði jafn duglegir að mæta á nýju ári.


Velkomin á heimasíðu Heiðarskóla. Slóðin er:

[www.heidarskoli.is](http://www.heidarskoli.is)

# Eldvarnarátak í 3. bekk

Jón Guðlaugsson og Hjörleifur Ingólfsson frá Brunavörnum Suðurnesja og Inga Árnadóttir frá Lionessum, heimsóttu nemendur í 3. bekk fyrir skömmu í þeim tilgangi að fræða þau um brunavarnir.

Þá sýndu þau börnunum m.a. stutt myndband auk þess sem þau færðu börnunum gefins litabók með eldvarnarpplýsingum.



## Sparisjóðurinn gefur bók um forvarnir

Í lok nóvember komu þeir Guðni Björnsson frá Fræðslumiðstöð í flknivörnum og Magnús Haraldsson frá Sparisjóðnum í Keflavík í heimsókn til 9. bekkinga í Heiðarskóla.

Tilgangur heimsóknar þeirra var að afhenda nemendum bókina „Fíkniefni og forvarnir, - handbók fyrir heimili og skóla. Er það von allra aðila, að þessi bók geti komið að góðum notum í baráttunni gegn ávana- og fíkniefnum.



Guðmundur Hermannsson á píanóinu og börnin taka undir af lífi og sál hvert jólagið á fætur öðru. Söngur á sal er frábær stund sem myndað hefur hefð innan skólans.

## Jólasveinar ganga um gólf...

- jólalög sungin á sal í desember

Nú í desembermánuði mun kröftugur söngur oft heyrast af sal skólans enda er verið að syngja gömlu góðu jólalög. Á þessari mynd sem tekin var s.l. þriðjudagsmorgun var verið að syngja lagið „Jólasveinar ganga um gólf.“ Tóku krakkarnir og starfsfólk undir af lífi og sál.

Jólaundirbúningurinn í ár byrjaði mun fyrr að þessu sinni og verður jafnaður út í desembermánuði.

Þá verður skólinn einnig skreyttur fyrr í ár

og koma því nemendurnir til með að njóta skreytinganna mun lengur en ella, því oftast hefur skólinn verið skreyttur um það leyti sem nemendurnir eru að fara í jólafrí.

# Jólaskemmtanir og stofujólin

Fimmtudaginn 20. desember verða hin svokölluðu „Litlu jól“ í skólanum. Ráðgert er að þau taki um eina og hálfu klukkustund hjá hverjum hópi og mæti nemendur sem hér segir:

**Kl. 8:30 - 10:00**

1. bekkur EÞ
2. bekkur AH
3. bekkur HG
4. bekkur IP
6. bekkur EE
7. bekkur SH
9. bekkur IH

**Kl. 10:00 - 11:30**

1. bekkur GW
2. bekkur HH
3. bekkur SG
5. bekkur SJ
6. bekkur MÓ
8. bekkur MK
9. bekkur SP
10. bekkur SN

**Kl. 11:30 - 13:00**

1. bekkur HÞ
3. bekkur BG
4. bekkur AJ
5. bekkur SE
7. bekkur RR
8. bekkur SV
10. bekkur GH

Ath! Engin skólagæsla verður 20. desember.

## Boðið upp á kakó og piparkökur

Eins og venjulega býður skólinn nemendum sínum upp á frítt kakó og piparkökur. Hefur þessi siður mælst vel fyrir meðal nemenda.

þau mæta sem hér segir:

- 11. des. 1.- 3. bekkur kl. 09.00
- 12. des. 4.- 6. bekkur kl. 09.00
- 13. des. 7.- 10. bekkur kl. 09.00

## Jólafríð

Jólafrí nemenda hefst föstudaginn 21. des. n.k. Nemendur mæti aftur í skólann föstudaginn 4. jan. 2002 skv. stundaskrá.